

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 212/1998 um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, sem verður 6. gr. a, og orðast svo:

*Undanþágur.*

Lyfjastofnun er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum 3.-5. gr., vegna sérstakra aðstæðna, þegar sýnt er fram á að heilsu eða lífi einstaklings sé verulega ógnað.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 50. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 22. júní 2015.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Sveinn Magnússon.*